

Ár 2016, fimmtudaginn 3. nóvember, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 1/2016:

Sr. A

og

sr. B,

C

og sóknarnefnd X-sóknar.

Úrskurðinn kveða upp lögfræðingarnir Dögg Pálsdóttir og Elsa S. Þorkelsdóttir og sr. Hreinn S. Hákonarson. Upp er kveðinn svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

### 1. MÁLSADILAR

Málshefjandi er sr. A kt. [...]. Gagnaðilar eru sr. B kt. [...], sóknarprestur í X-sókn, C kt. [...], framkvæmdastjóri X-sóknar og sóknarnefnd X-sóknar kt. [...]. Lögmaður sr. A er Björn L. Bergsson hrl. Lögmaður framkvæmdastjóra og sóknarnefndar X-sóknar er Heiðmar Guðmundsson hdl.

### 2. AÐDRAGANDI OG MEÐFERÐ MÁLS HJÁ ÚRSKURÐARNEFND ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Með bréfi dags. 10. febrúar 2016 fór sr. A, málshefjandi í máli þessu, fram á það að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar taki til meðferðar þrjú atriði er snúa að erindi sóknarbarns til Persónuverndar og viðbrögð gagnaðila við því. Í bréfi málshefjanda kemur fram að hann óskar eftir því að nefndin taki fyrir meint brot á reglum um stjórnslu af hendi gagnaðila sóknarnefndar X-sóknar tengdu erindi Persónuverndar. Þá óskar málshefjandi eftir mati nefndarinnar á meintum ófaglegum stjórnsluháttum sem viðhafðir voru af hálfu gagnaðila B sóknarprests og gagnaðila C framkvæmdastjóra X-sóknar almennt séð og sértækt að honum skyldi ekki veittur andmælaréttur vegna málsins heima í héraði. Í erindi málshefjanda kemur fram að hann telur sig hafa orðið fyrir verulegum óþægindum og allt að mannorðshnekkni og rýrnun á starfsheiðri vegna þessa máls.

Atriðin sem málshefjandi kallaði eftir meðferð úrskurðarnefndar á eru:

1. Að erindi Persónuverndar til X-sóknar skyldi vísað til biskups án aðkomu hans eða vitundar.

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

---

2. Að erindi Persónuverndar var ekki svarað efnislega og honum ekki strax veittur andmælaréttur.
3. Að málinu skyldi ekki ljúka haustið 2015 heldur þurfti hann sjálfur að fara með málið áfram til Biskupsstofu og Vinnueftirlitsins.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákvað á fundi sínum hinn 2. mars 2016 að fyrstu tveir þættir erindis málshefjanda vörðuðu ágreining á kirkjulegum vettvangi og málshefjandi teldist eiga hagsmuna að gæta. Þeir ættu því undir úrskurðarnefndina, sbr. 5. gr. starfsreglna nr. 730/1998 um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar, en ekki sá síðasti.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum nr. 730/1998. Samkvæmt 20. gr. þeirra reglna skal úrskurðarnefnd leitast við að skila álitinu sínu eigi síðar en fjórum vikum eftir að málsaðilar hafa lagt fram nauðsynleg gögn, eða tjáð sig munnlega um málið.

Uppkvæðning úrskurðar þessa hefur dregist, því liðnir eru réttir fimm mánuðir frá því að málsaðilar tjáðu sig um málið skriflega. Skýringar á því eru nokkrar og skulu þær nú raktar, sbr. 21. gr. starfsreglnanna.

Að fenginni síðari greinargerð gagnaðila í byrjun júní sl., taldi úrskurðarnefndin að áður en hún tæki málið formlega til úrskurðar þyrfti hún að kalla eftir nánari skýringum gagnaðila á nokkrum viðbótaratriðum. Í ljósi rannsóknarskyldu sinnar skv. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 ákvað úrskurðarnefndin því að kalla eftir þeim viðbótarskýringum. Vegna sumarleyfa dróst að fá skýringarnar og bærust þær úrskurðarnefndinni ekki fyrr en í byrjun ágúst 2016. Í framhaldi þess tók úrskurðarnefndin málið formlega til úrskurðar á fundi hinn 17. ágúst 2016. Við vinnslu úrskurðar kom í ljós að í gögn sem borist höfðu frá Persónuvernd vantaði bréf sem úrskurðarnefndin taldi geta skipt máli. Úrskurðarnefndin sendi málsaðilum því tölvupóst 21. september sl. og skýrði frá því að hún hygðist kalla eftir þessum gögnum og gerði það. Gögnin bærust frá Persónuvernd 30. september og 5. október. Þau voru send málsaðilum til upplýsinga og athugasemda ef einhverjar væru. Engar athugasemdir bærust frá gagnaðilum og ekki staðfesting á móttöku gagnanna. Úrskurðarnefndin ritaði því málsaðilum aftur bréf 14. október sl. og tilkynnti að þar sem engar athugasemdir hefðu borist frá gagnaðilum liti nefndin svo á að þær væru engar og að vinna við úrskurð héldi áfram.

### 3. KRÖFUGERÐ

Málshefjandi krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar fallist á að óeðlilegt hafi verið af hálfu gagnaðila sr. B að vísa erindi Persónuverndar dags. 12. ágúst 2013 til biskups Íslands án aðkomu hans eða vitundar. Þá krefst málshefjandi þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar fallist á það að óeðlilegt hafi verið af hálfu gagnaðila allra að sjá ekki til þess að erindi Persónuverndar dags. 12. ágúst 2013 væri svarað efnislega og að honum skyldi ekki strax veittur andmælaréttur.

Gagnaðili sr. B krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vísi málinu frá hvað hana varðar þar sem B hafi brugðist rétt við erindi Persónuverndar þegar það barst og beint því í réttan farveg til embættis biskups Íslands. Verði ekki fallist á frávísunarkröfu gagnaðila sr. B krefst B þess að úrskurðað verði að ekki hafi verið tilefni til kvartana málshefjanda. Gagnaðili framkvæmdastjóri og sóknarnefnd X-sóknar krefjast þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar líti svo á að þeir séu ekki aðilar málsins þar sem um sé að ræða ágreining milli sóknarprests og prests sem þessir gagnaðilar geti ekki átt aðild að.

### 4. MÁLAVEXTIR

Í X-sókn hefur verið til frá efnahagsáfallinu í október 2008 sjóður sem gengið hefur undir heitinu Líknar- og velferðarsjóður X-sóknar. Sjóðurinn er ekki með eigin kennitölu. Til sjóðsins hafa borist peningagjafir bæði frá einstaklingum og félagasamtökum, s.s. félagsstarfi eldri

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

---

borgara, Kirkjukór X-sóknar og [...] sem er Lionsklúbbur kvenna í [...]. Fjármunir sem berast til sjóðsins hafa frá upphafi verið lagðir inn á reikning á nafni og kennitölu X-sóknar. Engin stofnskrá er til um sjóðinn og um hann gilda engar sérstakar samþykktir. Almennt hefur þó verið litið svo á að markmið hans sé að veita sóknarbörnum brynasta stuðning í þrengingum, sérstaklega kringum jólin.

Fyrir liggur að verkaskipting hefur verið þannig milli gagnaðila að umsjón með úthlutun hefur verið í höndum sóknarprests og í fjarveru hans prests, en framkvæmdastjóri X-sóknar hefur annast kaup úttektarkorta og greitt af þeim fjármunum sem hverju sinni eru á bankareikningi sjóðsins á nafni X-sóknar. Frá upphafi hefur verið samvinna milli sóknarprests / prests annars vegar og félagsþjónustunnar í [...] hins vegar um úthlutun úr sjóðnum. Úthlutun úr sjóðnum hefur einkum verið í formi úttektarkorta úr matvöruversluninni Bónus.

Af gögnum málsins verður eftirfarandi ráðið um málavexti máls þess sem erindi málshefjanda rekur rætur til: Sóknar barn í X-sókn leitaði í lok júlí 2013 símleiðis til sóknarinnar um 10.000 kr. fjárstuðning vegna framfærslu. Gagnaðili sr. B var í sumarleyfi svo málshefjandi tók við símtalinu. Í símtalinu kom fram að sóknarbarnið hafði komið umsókninni um styrkinn til bæjarskrifstofunnar í [...] en ekki til sóknarinnar, eins og venja var. Málshefjandi segist þá hafa látið þess getið við umsækjanda að hann þyrfti að kalla eftir umsókninni frá [...]. Samkvæmt frásögn málshefjanda gerði umsækjandinn ekki athugasemd við það. Félagsmálastjórinn varð fyrir svörum er málshefjandi kallaði eftir umsókninni, veitti málshefjanda almennar upplýsingar um umsækjanda og gaf grænt ljós á styrkveitinguna og fjárhæð hennar. Málshefjandi afgreiddi umsóknina, umsækjandinn fékk hjá honum umbeðinn styrk í formi úttektarkorta í Bónus og kvittaði fyrir móttöku þeirra 26. júlí 2013.

Sóknarbarnið ákveður því næst að kæra afgreiðslu umsóknar sinnar til Persónuverndar. Samkvæmt kvörtuninni til Persónuverndar dags. 31. júlí 2013 kallaði málshefjandi eftir nafni og sagðist myndu hringja eftir 5 mínútur. Korterri seinna hafi málshefjandi hringt og skýrt frá því að hann hafi rætt við félagsþjónustu [...] þar sem nafngreindur félagsráðgjafi hafi orðið fyrir svörum og gefið honum þær upplýsingar að skila ætti inn öllum umsóknarblöðum til félagsráðgjafans.

Fram kemur í kvörtun sóknarbarnsins að það taldi að með símtali málshefjanda og félagsráðgjafa [...] hefðu þessir aðilar brotið á sér trúnað. Sóknarbarnið segir í kvörtuninni að það hafi ekki leyft félagsþjónustunni í [...] að greina 3ja aðila frá sínum málum. Þá telur sóknarbarnið í kvörtuninni að X-sókn hafi ekki verið heimilt að hafa samband við félagsþjónustu [...]. Hvergi komi fram að milli þessara aðila sé samvinna og að þeir hafi heimild til að skiptast á upplýsingum um skjólstæðinga hvort sem þeir leiti til kirkjunnar eða félagsþjónustu [...].

Vegna kvörtunarinnar ritaði Persónuvernd bréf dags. 12. ágúst 2013 sem stílað er á X-sókn og [...]. Í bréfinu er erindið kynnt, kostur gefinn á að tjá sig um málið og þess sérstaklega óskað að upplýst sé hvort og þá hvaða upplýsingum um kvartanda hafi verið miðlað frá X-sókn til [...]. Var þess óskað að umbeðin svör bærust Persónuvernd fyrir 29. ágúst s.á.

Í gögnum málsins frá gagnaðila sóknarnefnd og framkvæmdastjóra X-sóknar kemur fram að það var gagnaðili framkvæmdastjóri X-sóknar sem opnaði bréfið. Hann taldi það varða prest, þ.e. málshefjanda, en ekki störf gagnaðila sóknarnefndar X-sóknar. Framkvæmdastjórinn afhenti því gagnaðila sóknarpresti bréfið til meðferðar og afgreiðslu enda heyrði það ekki að hans mati undir gagnaðila sóknarnefndina.

Það kemur einnig fram í gögnum málsins að gagnaðili sr. B taldi eftir skoðun bréfs Persónuverndar að erindinu væri ranglega beint að gagnaðila X-sókn. Sr. B ræddi því símleiðis

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

---

við Persónuvernd og sendi í framhaldi af símtalinu tölvupóst til starfsmanns Persónuverndar hinn 16. ágúst 2013. Í tölvupóstinum segir m.a.:

„X-sókn barst bréf frá Persónuvernd vegna kvörtunar er varða (sic) sr. A (sic), prest í X-sókn. Erindi/kvörtunina ber að senda til biskups Íslands sem er yfirmaður prestanna og tekur á þeim.

Til að koma þessu máli í réttan farveg vil ég því vinsamlegast fara fram á að bréfið verði sent biskupi og ef þið metið svo, afrit til viðkomandi prests.“

Með bréfi Persónuverndar dags. 17. september 2013 til X-sóknar ítrekaði stofnunin erindið og kallaði á ný eftir upplýsingum um það hvort og þá hvaða upplýsingum um kvartanda var miðlað frá X-sókn til [...]. Í bréfinu er á það bent að X-sókn sé sjálfstæður opinber aðili í skilningi laga og yrðu Persónuvernd því að berast skýringar frá X-sókn um umrætt atvik. Ekkert í gögnum málsins bendir til að einhver gagnaðila hafi svaraði þessu bréfi.

Málshefjandi segist fyrst hafa frétt af málinu í september 2013, liðlega mánuði eftir að Persónuvernd sendi upphafsbréf sitt til X-sóknar og [...]. Málshefjandi segist hafa frétt af málinu þannig að félagsmálafulltrúi [...] hafi hringt í hann og spurt hví hann andmælti ekki í málinu. Málshefjandi segir andmælafrest þá hafa verið liðinn en hann hafi sent andmæli sín til Persónuverndar með bréfi dags. 23. september 2013, án þess að hafa séð gögn málsins, og gerði grein fyrir málinu eins og það blasti við honum.

Í gögnum frá gagnaðila sr. B er því á hinn bóginn haldið fram að á fundi sem hún og málshefjandi hafi átt af öðru tilefni um það bil hálfum mánuði eftir að erindið var endursent Persónuvernd hafi verið nefnt við málshefjanda að það hefði borist kvörtun og að erindið hafi verið sent til baka þar sem svo var metið að það ætti að berast beint til hans. Málshefjandi hafi tekið því fálega og gert lítið úr og engar athugasemdir gert við afgreiðslu málsins.

Persónuvernd ritaði enn bréf til gagnaðila sr. B og X-sóknar dags. 4. október 2013 og óskar eftir svörum við því hvort líta megi svo á að X-sókn hafi með bréfi málshefjanda komið á framfæri svörum sínum við bréfi Persónuverndar dags. 17. september 2013. Sé það ekki réttur skilningur þurfi það að koma skýrt fram af hálfu sóknarinnar eigi síðar en 18. október 2013.

Gagnaðili sr. B virðist svara bréfi Persónuverndar dags. 4. október 2013 með tveimur bréfum, annars vegar með bréfi dags. 14. október, hins vegar með bréfi dags. 17. október. Fyrra bréfið barst til úrskurðarnefndar með gögnum frá lögmanni hennar en er ekki að finna í gögnum, sem Persónuvernd sendi úrskurðarnefndinni. Persónuvernd upplýsti úrskurðarnefnd um það að bréfið frá 14. október 2013 væri ekki á skrá yfir móttækin bréf stofnunarinnar. Ekki verður því annað ráðið en að bréf gagnaðila sr. B dags. 14. október 2013 hafi aldrei borist Persónuvernd Í því bréfi skýrir gagnaðili sr. B m.a. frá samskiptum milli presta safnaðarins og félagsþjónustu [...] varðandi úthlutun peningagjafa. Hún segir síðan í bréfinu:

„Í bréfi þínu þ. 4. október síðastliðinn vísar þú til X-sóknar „sem væri sjálfstæður opinber aðili í skilningi laga“.

Í forsvari fyrir X-sókn er sóknarnefnd og sóknarprestur gagnvart öðrum stofnunum. Embætti sóknarprestis og prests eru hins vegar tvö aðskilin og sjálfstæð embætti, sem hver og einn ber ábyrgð á gagnvart sóknarbörnum og lúta yfirvaldi biskups Íslands.

...

Sóknarprestur er ekki yfirmaður prests, þeir starfa að jöfnu en skipta með sér verkefnum.

Yfirmaður prestanna er biskup Íslands og prófastur.

Sr. A hefur í svari sínu, svarað fyrir hönd embættis síns, sem þjónandi prestur í X-sókn.

...

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

Í fyrrgreindu tilviki, hefur kollegi minn tjáð mér að hann bað um leyfi hjá kvartanda til að hafa samband við félagsmálastofnun. Tjáði hann mér að það leyfi hafi verið veitt af kvartanda munnlega.

Hann hefur síðan tjáð í svari sínu þann 23.09.2013 þann gjörning, sem er á hans ábyrgð sem embættismanns þjóðkirkjunnar í X-sókn.

...

Tek ég fulla ábyrgð á almennu verklagi sem hér hefur verið frá greint og einnig ef það felur í sér brot á lögum og reglum um persónuvernd.

Fyrir það get ég eingöngu svarað sem sóknarprestur og embættismaður í X-sóknar (sic) og í samstarfi við kollega minn sr. A (sic)."

Síðara bréf gagnaðila sr. B til Persónuverndar er dags. 17. október 2013. Það er meðal gagna sem lögmaður hennar lagði fram. Það er einnig í gögnum Persónuverndar til úrskurðarnefndarinnar og til þess vísað af hálfu Persónuverndar í bréfi stofnunarinnar til biskups dags. 5. nóvember 2013. Í bréfinu segir:

„Með tilvísun í bréf sem dagsett er þ. 4. október 2013 og ég, undirrituð, hef mótttekið, sendi ég hér viðbrögð við erindi Persónuverndar.

Erindið er ekki í (sic) minni ábyrgð að svara, þar sem umrætt einstaka atvik sem kvartað er yfir átti sér stað í samskiptum við sr. A (sic).

Sr. A er embættismaður þjóðkirkjunnar í X-sókn og öll embættisfærsla hans er á hans ábyrgð og svarar hann fyrir hana á þeim forsendum. Tilsjónar og agavald yfir embætti hans hefur biskup Íslands.

Hef ég af framangreindum rökum ekkert um tiltekið einstaka mál að tjá mig um og vísa því hér með frá."

Bréfi Persónuverndar dags. 4. október 2013 virðist ekki hafa verið svarað af hálfu gagnaðila X-sóknar.

Í gögnum málsins kemur fram að 14. október 2013 sendi gagnaðili sr. B málshefjanda tölvupóst og biður hann að hitta sig næsta dag. Í póstinum kemur fram að hún vilji ræða við hann um erindi Persónuverndar sem hafi beðið hennar þegar hún kom heim. Málshefjandi svarar tölvupóstinum næsta dag og segir:

„Við getum spjallað um erindi persónuverndar (sic) við tækifæri, ég hef svarað persónuverndinni (sic) og erindið er ekki neitt meiriháttar vandamál.

Hef reyndar ekki séð bréfið, (sic)

..."

Hinn 5. nóvember 2013 ritar Persónuvernd bréf til biskups Íslands og bendir á að þar sem ábyrgðaraðili vinnslunnar, X-sókn, hafi kosið að nýta sér ekki andmælarétt sinn en vísi til embættis biskups veiti stofnunin biskupi Íslands kost á að koma athugasemdum á framfæri, ef einhverjar séu.

Biskupsstofa svarar erindi Persónuverndar með bréfi dags. 27. nóvember 2013. Í bréfinu segir m.a.:

„Áður en sérstaklega er vikið að efni kvörtunarinnar skal undirstrikað að sóknarprestar og prestar þjóðkirkjunnar eru embættismenn er heyra undir tilsjónarvald biskups Íslands sbr. 11. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar (sic). Er því rétt að beina erindi þessu til biskups í stað sóknarprestsins í X-sókn. Þá er athygli vakin á því að sóknarprestur er ekki forstöðumaður ábyrgðaraðila eða sóknarnefndar X-sóknar í þessu tilviki heldur er það

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

formaður sóknarnefndarinnar sbr. 54. gr. áðurnefndra laga og 2. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011.

Hvað kvörtunina sjálfa varðar þá hefur sr. A, prestur, er fram kom fyrir hönd X-sóknar gagnvart kvartanda, þegar komið á framfæri athugasemdum við erindi Persónuverndar í bréfi dagsettu 23. september 2013 og með því varpað nánara ljósi á málsatvik. Endurspeglar þau lýsingu sóknarprests X-sóknar á samstarfi við félagsþjónustuna í [...] um fjárhagsaðstoð úr gjafasjóði, sem er í vörslu sóknarinnar, og vinnulag þar að lútandi. Telur biskup því ekki vera ástæðu til að koma að öðrum athugasemdum en þeim er þegar hafa komið fram en vill leggja áherslu á að upplýsingaskipti milli fagaðila, eins og hér um ræðir, fari ekki fram án samþykkis þeirra er málið varðar. Hefur biskup gert hlutaðeigandi grein fyrir því."

Persónuvernd ritaði hinn 10. desember 2013 gagnaðila formanni sóknarnefndar bréf og kallar eftir svörum hans um það hvort hann telji sig sem formann sóknarnefndar vera ábyrgðaraðila þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem málið fjalli um í skilningi laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Var þess óskað að svar bærst eigi síðar en 30. desember 2013. Þar sem ekkert svar barst hafði Persónuvernd samband við formanninn símleiðis hinn 14. janúar 2014 og kom þá í ljós að bréfið hafði ekki borist til hans. Formaðurinn svarar síðan Persónuvernd með bréfi dags. 27. janúar 2014.

Í bréfi formannsins segir m.a.:

„Prestar X-sóknar og störf þeirra heyra ekki undir sóknarnefndina. Bæði sóknarprestur og prestur X-sóknar eru embættismenn þjóðkirkjunnar og þeir lúta tilsjón og agavaldi Biskups Íslands.

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 78/1997 segir: „**Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti** í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. **Hún [sóknarnefndin] hefur umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili.** [...]“ Samkvæmt 2. gr. reglna nr. 1111/2011 er „í hverri kirkjusókn ... sóknarnefnd sem starfar undir forystu **sóknarnefndarformanns** í nánu samstarfi við **sóknarprests**.“ (feitletranir og skáletranir eru gerðar af bréfitara, auk innskotsins [sóknarnefndin]).

Formaður sóknarnefndar X-kirkju lítur svo að skv. 54. gr. laga nr. 78/1997 séu það bæði sóknarnefnd og sóknarprestur sem séu í fyrirsvari fyrir sóknina, og þá hvor fyrir sig í málefnum sem eru á borðum viðkomandi. Á milli sóknarnefndar og presta er auk þess skýr verkaskipting og þar sem prestar eru ekki starfsmenn sóknarnefndar þá er sóknarnefndin eðli málsins samkvæmt ekki í fyrirsvari eða ábyrgðaraðili fyrir mál sem eru í þeirra höndum.

Sóknarnefnd X-kirkju hefur ekki svo undirritaður þekki til skilgreint ferla sem varða störf prestanna og ekki skilgreint ferla sem snerta vinnslu eða ráðstöfun persónuupplýsinga í störfum prestanna, enda er litið svo á að það falli ekki undir skyldur sóknarnefndar að gera það.

Í þeirri starfsemi sem tengist X-kirkju sem er á *ábyrgð sóknarnefndar X-sóknar* er ekki rekinn sjóður sem úthlutar til hjálparstarfs. Þess vegna er ekki til neitt sem heitir „skriflegt verkferli sóknarinnar um úthlutanir úr sjóði X-kirkju“.

**Fyrir hönd sóknarnefndar á grundvelli þess sem rakið er hér að ofan þá vísar formaðurinn málinu frá sér og hafnar að hann sem fulltrúi sóknarnefndar sé ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem um ræðir í bréfi Persónuverndar dags. 14. janúar, 2014."**

Hinn 14. mars 2014 sendi málshefjandi tölvupóst til Persónuverndar og er greinilega að svara fyrirspurn frá stofnuninni. Í póstinum segir m.a.:

„Takk fyrir póstinn.

Ég útbjóst standard kvittun sem kvartandi skrifaði undir, kvittunina lagði ég í þar til gerða möppu sem var geymd á skrifstofu sóknarprestsins, merkt styrktar/líknarsjóður X-sóknar ([.....] (sic), sem á sínum tíma vísaði málinu frá). Annað er ekki til skriflegt varðandi umsókn eða afgreiðslu. Nú eru gögnin annaðhvort í læstri hirslu hjá sóknarpresti, eða hafa verið fjarlægð. Umsóknin er

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

til í vörslu sveitarfélagsins, geri ég ráð fyrir. Hana sá ég ekki og veit ekki hvað í henni stóð, fékk í símtalinu einungis skilaboð að úthluta kr. 10.000,- Varðandi vörslu sjóðsins er ég alveg gáttaður, mér er núna meinaður aðgangur að sjóðsbókinni, möppunni og kvittunum og sóknarprestur, sóknarnefnd og prófastur hafa þverneitað að ég hafi afgreitt nokkuð á þeirra vegum. Hins vegar hef ég verið á fundum á biskupsstofu, hjá prófasti og sóknarpresti – og ég sæti merkilegum aths (sic) frá vissum aðilum vegna meints agabrots í starfi. Trúnaðarbrestur virðist vera milli mín og sóknarprestsins nú. Ég hef ítrekað beðið um að málið verði skoðað, án árangurs. Nú íhuga ég að kæra sóknarprestinn fyrir einelti og óréttmætar dylgjur um agabrot, allavega ef málið þróast þannig. Þetta er mér þungbært og þetta hefur skaddað orðspor mitt."

Í gögnum sem úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar bárust frá Persónuvernd kemur fram að stofnunin tilkynnti kvartanda með bréfi dags. 19. mars 2014 um lyktir málsins. Voru þá liðnir tæpir átta mánuðir frá því að kvörtunin barst. Í bréfinu segir:

„Persónuvernd hefur eftirlit með lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Lögin gilda um sérhverja rafræna vinnslu persónuupplýsinga, sem og um handvirka vinnslu persónuupplýsinga sem eru eða eiga að vera hluti af skrá, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna. Með hugtakinu „vinnsla“ er átt við sérhverja aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar, hvort heldur sem vinnslan er handvirk eða rafræn, sbr. 2. tölul. 2. gr. laganna.

Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu virðist ekki mega ráða að nein „vinnsla“ persónuupplýsinga hafi farið fram í framangreindum skilningi, og því falli það ekki undir gildissvið laga nr. 77/2000 og þar af leiðandi ekki undir valdsvið Persónuverndar. Nánar tiltekið liggur ekki fyrir að neinum persónuupplýsingum um yður hafi verið miðlað milli X-

kirkju og [...] svo að unnt sé að ráða að um „vinnslu“ persónuupplýsinga hafi verið að ræða.

Með vísun til framangreinds óskar Persónuvernd eftir afstöðu yðar til þess hvort, og þá hvernig þér teljið að „vinnsla“ persónuupplýsinga hafi farið fram í málinu. Er svara vinsamlegast óskað fyrir þann **9. apríl næstkomandi**.

Berist stofnuninni ekkert svar frá yður fyrir þann tíma verður málið fellt niður og lokað í málaskrá stofnunarinnar. Tilkynnist það hér með.

Af gögnum málsins verður ráðið að ekkert svar hafi borist frá kvartanda og Persónuvernd þar með lokað málinu eins og boðað var í tilvitnuðu bréfi.

\*\*\*

Ágreiningur málsins snýst um viðbrögð gagnaðila við erindi Persónuverndar frá 12. ágúst 2013. Málshefjandi telur að gagnaðilum hafi borið að gera sér viðvart um málið og þannig sjá til þess að hann gæti kynnt sér gögnin og nýtt sér andmælarétt. Gagnaðilar telja málið ekki hafa heyrt undir sig. Því telur gagnaðili sóknarnefnd og framkvæmdastjóri að sér hafi verið rétt að afhenda gagnaðila sr. B bréfið til meðferðar. Gagnaðili sr. B telur málið heldur ekki hafa heyrt undir sig og því hafi það verið eðlilegt að vísa því frá sér og til biskups. Sú afstaða njóti stuðnings biskups sbr. áður nefnt bréf biskupsstofu til Persónuverndar, auk þess sem hún hafi leitað ráða hjá prófasti sem var sama sinnis.

## 5. RÖKSTUÐNINGUR MÁLSAÐILA

### 5.1 Rökstuðningur málshefjanda

Málshefjandi telur viðbrögð gagnaðila við erindi Persónuverndar hafa vegið að starfsheiðri sínum og fela í sér brot gegn sér að því leyti að honum hafi verið gert ókleift að njóta andmælaréttar strax frá upphafi málsins. Honum hafi verið haldið frá málsgögnum og við upphaf málsins hjá úrskurðarnefnd hafi hann enn aðeins séð brot af þeim. Þegar hann hafi sinnt umræddri styrkbeiðni kvartanda til Persónuverndar hafi hann ekki verið að sinna prestsverki heldur

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

þjónustu á vegum sóknarinnar. Umræddur sjóður hafi verið til hjá X-sókn um áraraðir. Hann hafi sömu kennitölu og X-sókn og bankareikningur með fjármunum sjóðsins sé einnig á kennitölu X-sóknar.

### 5.2 Rökstuðningur gagnaðila

*Gagnaðili sóknarnefnd og framkvæmdastjóri X-sóknar* telja málið aldrei hafa heyrt undir sig og því hafi þeim ekki borið að svara erindum Persónuverndar. Velferðarsjóður X-sóknar sé alfarið á ábyrgð gagnaðila sr. B og sé sókninni óviðkomandi þó svo að fjármunir sjóðsins séu varðveittir á bankareikningi í nafni sóknarinnar. Þegar gagnaðili framkvæmdastjóri X-sóknar opnaði upphafsbréf Persónuverndar dags. 12. ágúst 2013 hafi hann talið það varða málshefjanda en ekki störf gagnaðila sóknarnefndar. Samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 sé sóknarnefnd ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir sókninni. Hlutverk sóknarnefndar sé að hafa umsjón með kirkju safnaðarins og safnaðarheimili. Í 6. gr. starfsreglna um sóknarnefndir nr. 1111/2011 sé nánar greint frá störfum sóknarnefnda. Þar komi hvergi fram að prestar sóknar heyri undir sóknarnefnd. Þá sé ekkert vinnuréttarsamband milli presta og sóknarnefnda. Sóknarnefndin hafi því ekki haft neina heimild til að svara bréfi Persónuverndar. Í ljósi þessa afhenti gagnaðili framkvæmdastjóri sóknarinnar gagnaðila sr. B bréfið. Það hafi verið rétt í ljósi 2. mgr. 7. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 því þar segi að berist skriflegt erindi sem ekki snerti starfssvið þess beri því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt sé. Gagnaðili framkvæmdastjóri hafi því afhent gagnaðila sóknarpresti bréfið enda varðaði það prestinn en ekki sóknarnefndina.

*Gagnaðili sr. B* nefnir fyrst að umkvörtunarefni málshefjanda eigi ekki við rök að styðjast auk þess sem vart verði séð að málefnið eigi undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Engum ágreiningi sé til að dreifa á kirkjulegum vettvangi og gagnaðili sr. B hafi ekki borið málshefjanda sökum um siðferðis- eða agabrot. Því beri í raun að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni þar sem erindið falli utan lögbundins hlutverks nefndarinnar.

Telji úrskurðarnefndin að málið eigi efnislega undir nefndina þá telur gagnaðili sr. B að ekkert tilefni hafi verið til kvörtunarinnar. Vegna fyrri liðar kvörtunarinnar bendir hún á að erindi Persónuverndar hafi lotið m.a. að samskiptum og framgöngu málshefjanda. Hún taldi erindi Persónuverndar ranglega vera beint að X-sókn. Því hafi verið komið á framfæri með tölvupósti dags. 16. ágúst 2013 til stofnunarinnar. Kvörtunin hafi beinst að málshefjanda sem sé sjálfstæður embættismaður eins og aðrir prestar og heyri sem slíkur ekki undir X-sókn né sé hann undir sóknarprest settur. Þess vegna hafi erindið verið endursent með ábendingu til Persónuverndar að því ætti að beina til biskups Íslands sem yfirboðara málshefjanda. Þessi afstaða hafi verið borin munnlega undir prófast sem var sammála þessu mati gagnaðila sr. B. Gagnaðili sr. B hafi talið mjög mikilvægt að málið færi strax í réttan farveg og því endursent það frekar en að framsenda það til málshefjanda og viðhalda þannig röngum ferli málsins. Gagnaðili sr. B hafi skýrt málshefjanda frá málinu u.þ.b. hálfum mánuði seinna en hann hafi tekið því fálega og gert lítið úr því. Vegna síðari liðar kvörtunarinnar er því mótmælt af hálfu gagnaðila sr. B að erindinu hafi ekki verið svarað. Stofnuninni hafi strax verið skýrt frá því að erindið væri í röngum farvegi. Gagnaðili sr. B fullyrðir að í engum þeim bréfaskiptum sem hún átti við Persónuvernd hafi hún verið að gera athugasemdir við starf og framgöngu málshefjanda varðandi það erindi sem bréf Persónuverndar laut að. Engin ástæða var því af hennar hálfu að veita málshefjanda andmælarétt vegna erindis Persónuverndar, það sé þeirrar stofnunar. Eftir að bréf Persónuverndar frá 4. október barst var engum frekari erindum beint til sóknarprests af hálfu Persónuverndar eða annarra. Afskiptum hennar af málinu hafi þar með lokið. Ekkert tilefni sé því til kvörtunar málshefjanda. Loks telur gagnaðili sr. B vert að halda því til haga að á starfstíma málshefjanda hjá Y-prestakalli 2009 til 2015 hafi verið umtalsverðir samstarfsörðugleikar til staðar. Samskipti við málshefjanda hafi einkennst af þeim



## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

trúnaðarbresti sem samskiptaörðugleikarnir hafi leitt til. Þessi staðreynd hafi þó engin áhrif haft á það hvernig brugðist var við erindi Persónuverndar enda hafi stofnunin beint málinu í rangan farveg með rangri aðild þó síðar hafi verið bætt úr. Loks er því mótmælt sem röngu að sóknarprestur hafi neitað málshefjanda um aðgang að gögnunum.

### 6. NIÐURSTADA

Mál þetta snýst um viðbrögð gagnaðila sr. B og gagnaðila sóknarnefndar og framkvæmdastjóra X-sóknar þegar erindi barst frá Persónuvernd vegna kvörtunar sóknarbarns um að óheimil vinnsla persónuupplýsinga hefði farið fram þegar sótt var um styrk úr Líknar- og velferðarsjóði X-sóknar sumarið 2013.

Gagnaðili sr. B rekur sem málsástæðu að vísa beri málinu frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Í erindi málshefjanda felist hvorki ágreiningur á kirkjulegum vettvangi né hafi hún borið málshefjanda sökum um siðferðis- eða agabrot.

Eins og vikið er að í upphafi þessa úrskurðar ber úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar samkvæmt starfsreglum nr. 730/1998 við upphaf máls að meta annars vegar hvort úrlausnarefnið heyrir undir nefndina og hins vegar hvort málshefjandi teljist eiga hagsmuna að gæta. Það er mat úrskurðarnefndarinnar að fyrstu tvö kvörtunarefni málshefjanda séu ágreiningur á kirkjulegum vettvangi og að hann eigi hagsmuna að gæta að fá umfjöllun um kvörtunarefni sín. Málsástæður gagnaðila sr. B fyrir frávísun málsins breyta ekki þeirri afstöðu nefndarinnar. Úrskurðarnefndin fellst því ekki á kröfu gagnaðila sr. B að vísa málinu frá.

Kvörtunarefni málshefjanda eru tvö:

1. Að erindi Persónuverndar til X-sóknar skyldi vísað til biskups án aðkomu hans eða vitundar.
2. Að erindi Persónuverndar var ekki svarað efnislega og honum ekki strax veittur andmælaréttur.

Skal nú vikið nánar að þessum tveimur umkvörtunarefnum málshefjanda og viðbrögðum gagnaðila við þeim. Verður fyrst vikið að síðara umkvörtunarefninu.

*Að erindi Persónuverndar var ekki svarað efnislega og málshefjanda ekki strax veittur andmælaréttur.* Gagnaðili sóknarnefnd og framkvæmdastjóri X-sóknar bera fyrir sig að bréfinu hafi ranglega verið beint að þeim og þeir telja sig ekki vera aðila málsins. Gagnaðili sr. B bendir á að hún hafi svarað bréfum Persónuverndar í þrígang.

**Álit úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.** Persónuvernd er stjórnvald og starfar m.a. samkvæmt stjórnarsýslulögum nr. 30/1993 með síðari breytingum. Stofnunin mat það svo að kvörtun sóknarbarns X-sóknar frá 31. júlí 2013 væri þess efnis að hún gæti átt undir úrskurðarvald og eftirlitsskyldu stofnunarinnar. Í upphafsbréfi stofnunarinnar til X-sóknar er kallað eftir upplýsingum frá sókninni um það hvort og þá hvaða upplýsingum um kvartanda hafi verið miðlað frá X-sókn til [...] og öfugt við afgreiðslu styrkumsóknar hans. Erindi Persónuverndar vísaði til 13. og 14. gr. stjórnarsýslulaga enda skal stjórnvald sjá til þess að afstaða málsaðila og rök hans liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að bréf Persónuverndar frá 12. ágúst og 17. september hafi bæði verið þannig orðuð að ekki var ljóst af orðalagi þeirra eftir hvaða upplýsingum verið var að kalla af hálfu stofnunarinnar. Á hinn bóginn telur úrskurðarnefndin að bréf Persónuverndar frá 4. október hafi verið nægilega skýrt þannig að bæði gagnaðila framkvæmdastjóra X-sóknar og gagnaðila sr. B hafi mátt vera ljóst við lestur þess að erindið laut að fyrirkomulagi afgreiðslu styrkumsóknar úr Líknar- og velferðarsjóði X-sóknar en ekki hefðbundnu prestsverki málshefjanda. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur þannig að frá

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

---

móttöku bréfsins 4. október hafi þessum gagnaðilum mátt vera ljóst að kvörtunin sem bréf stofnunarinnar voru um lutu ekki að þeim einstaklingum sem urðu fyrir svörum vegna styrkumsóknarinnar heldur að X-sókn.

Af gögnum málsins liggur fyrir að með tölvupósti frá 16. ágúst svaraði gagnaðili sr. B á þann veg að augljóst er af svarinu að hún taldi erindi Persónuverndar lúta að prestsstörfum málshefjanda og væri þar með kvörtun sem senda ætti embætti biskups Íslands. Með sambærilegum hætti svarar hún með bréfi frá 17. október þó augljóst sé af bréfi Persónuverndar frá 4. október að kvörtunin til Persónuverndar hafði ekkert með málshefjanda að gera. Með svari sínu frá 14. október svarar hún á hinn bóginn erindi Persónuverndar og fór yfir verkferla við afgreiðslu umsókna. Fyrir liggur að þetta bréf barst ekki Persónuvernd.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar bendir á að í starfsreglum um sóknarnefndir nr. 1111/2011 kemur fram í 2. mgr. 4. gr. að sóknarnefnd starfi við hlið sóknarprests og sé í fyrirsvari fyrir sóknina gagnvart stjórnvöldum og einstökum mönnum og stofnunum. Þegar af þessari ástæðu geta gagnaðilar sóknarnefnd og framkvæmdastjóri X-sóknar ekki haldið því fram að þeir séu ekki aðilar að máli þessu.

Fyrir liggur í gögnum málsins að upphafsbréf Persónuverndar barst á borð gagnaðila framkvæmdastjóra X-sóknar sem starfar í umboði gagnaðila sóknarnefndar. Persónuvernd er eins og áður segir stjórnvald. Kvörtunin sem um ræðir barst vegna afgreiðslu á umsókn um styrk úr Líknar- og velferðarsjóði X-sóknar. Gögn málsins bera með sér að gagnaðili X-sókn og framkvæmdastjóri telja sjóðinn ekki vera á sínum vegum heldur vera í höndum sóknarprests og eftir atvikum prests og þeirra að úthluta úr honum. Vandséð er að mati úrskurðarnefndar hvernig þessir gagnaðilar gátu litið svo á að bréf Persónuverndar kæmu þeim ekki við, ekki síst eftir að þeim barst bréfið frá 4. október þar sem skýrt kemur fram um hvað erindið snerist. Vísast þá sérstaklega til áðurnefndrar 2. mgr. 4. gr. starfsreglna nr. 1111/2011 í því sambandi.

Úrskurðarnefndin telur að framhjá þeirri staðreynd verði ekki litið að fjármunir áðurnefnds sjóðs eru varðveittir á bankareikningi á nafni og kennitölu X-sóknar. Framkvæmdastjóri X-sóknar hefur um árabíl séð um að kaupa úttektarkort í matvörubúð fyrir fjármuni sjóðsins. Gagnaðilar sóknarnefnd og framkvæmdastjóri X-sóknar geta því að mati úrskurðarnefndar ekki haldið því fram að sjóðurinn sé þeim óviðkomandi. Þó gagnaðili framkvæmdastjóri komi ekki að styrkveitingum úr sjóðnum, kemur hann ekki síður en gagnaðili sr. B að starfsemi sjóðsins með því að sjá um kaup á matarkortum sem úthlutað er.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að gagnaðili sr. B hafi með bréfi sínu frá 14. október, sem ekki barst Persónuvernd, svarað efnislega fyrirspurn stofnunarinnar og að fyrstu tvö bréf stofnunarinnar hafi verið með þeim hætti að það geti útskýrt af hverju hún svaraði svo sem fyrir liggur.

Nefndin telur á hinn bóginn aðfinnsluvert að gagnaðilar framkvæmdastjóri og sóknarnefnd skyldu báðir telja sér óskilyt að svara Persónuvernd fyrr en með bréfi formanns frá 27. janúar 2014.

Málshefjandi telur að gagnaðilar hefðu átt að veita sér andmælarétt vegna bréfs Persónuverndar. Úrskurðarnefndin getur ekki fallist á það sjónarmið málshefjanda enda ljóst af bréfum Persónuverndar frá 17. september og 4. október að stofnunin var ekki á því stigi málsins að kalla eftir upplýsingum frá þeim sem urðu fyrir svörum varðandi styrkumsókn kvartanda. Einnig liggur fyrir að hefði Persónuvernd talið að leita þyrfti beint til þeirra sem önnuðust afgreiðslu styrkumsóknarinnar hefði stofnunin sjálf snúið sér til þeirra. Á það reyndi ekki því málshefjandi, eftir að hann frétti af málinu frá félagsmálafulltrúa [...], sendi Persónuvernd 23. september sína lýsingu á því hvernig staðið var að afgreiðslu umsóknarinnar og kom þar með að eigin frumkvæði afstöðu sinni á framfæri. Úrskurðarnefndin fellst því á það með gagnaðilum

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

að það hafi ekki verið í þeirra verkahring að veita málshefjanda andmælarétt vegna erindis Persónuverndar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur á hinn bóginn að allir gagnaðilar hefðu átt að láta málshefjanda vita af erindi Persónuverndar frá 12. ágúst um leið og það barst. Leiðir það af 3. gr. starfsmannastefnu þjóðkirkjunnar sem fjallar um upplýsingar, boðmiðlun og samskipti. Þar segir að upplýsingastreymi og boðleiðir skulu vera skilvirkar til að styrkja samstöðu starfsfólks, auka ábyrgð og bæta samskipti. Sömuleiðis kemur þar fram að stjórnendum beri skylda til að upplýsa starfsfólk um málefni sem varða störf þess sérstaklega. Til viðbótar má benda á starfsreglur um presta nr. 1110/2011. Í 6. mgr. 3. gr. þeirra kemur fram að presti beri við rækslu starfa sinna að hafa samráð og samstarf við aðra presta eftir eðli máls og því sem við getur átt. Í 3. mgr. 8. gr. sömu reglna kemur fram að sóknarprestur og prestur séu samstarfsmenn og beri að haga þjónustu sinni og samstarfi í samræmi við það. Loks telur úrskurðarnefndin ástæðu til að nefna að í Siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009 segir í 19. gr. að þess skuli gætt að eiga gott samstarf við samstarfsfólk og yfirmenn og stuðla skuli að eindrægni og samhug og gæta virðingar í umtali.

Gagnaðili framkvæmdastjóri X-sóknar valdi að afhenda gagnaðila sóknarpresti bréf Persónuverndar frá 12. ágúst en ekki málshefjanda. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað séð en að málshefjandi hafi fyrst frétt af málinu frá félagsmálafulltrúa [...] og að gagnaðili sóknarprestur hafi fyrst sagt honum af því með tölvupósti frá 14. október.

Það er niðurstaða úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að gagnaðilar sóknarnefnd og framkvæmdastjóri hafi vikið sér undan starfsskyldum sínum í máli þessu með því að svara ekki erindi Persónuverndar fyrr en með bréfi formanns sóknarnefndar frá 27. janúar 2014. Þá er það niðurstaða úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að gagnaðilum framkvæmdastjóra X-sóknar og sóknarpresti hafi borið að láta málshefjanda tafarlaust vita af erindi Persónuverndar frá 12. ágúst 2013.

*Að erindi Persónuverndar til X-sóknar skyldi vísað til biskups án aðkomu málshefjanda eða vitundar.* Þetta kvörtunarefni lýtur að gagnaðila sr. B. Hún segir í greinargerð sinni til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að erindið hafi lotið m.a. að samskiptum og framgöngu málshefjanda og því hafi ranglega verið beint að X-sókn. Hún hafi því komið því í réttan farveg, sem var að Persónuvernd sneri sér til biskups Íslands. Það hafi verið mikilvægt að koma erindinu í réttan farveg og því hafi hún fremur endursent það en að framsenda það til málshefjanda.

**Álit úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar.** Það er rétt sem fram kemur í bréfi gagnaðila sr. B til Persónuverndar frá 16. ágúst 2013 að prestur heyrir ekki stjórnunarlega undir sóknarprest heldur heyra bæði sóknarprestur og prestur undir biskup, sbr. 35. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Á hinn bóginn telur úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar að erindi Persónuverndar frá 12. ágúst hafi ekki snúist um starf málshefjanda sem prests heldur að fyrirkomulagi afgreiðslu styrkja úr Líknar- og velferðarsjóði X-sóknar. Það er mat úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar að það hafi verið tilviljun hver afgreiddi þann styrk sem kvartað var yfir. Fram hefur komið bæði hjá málshefjanda og gagnaðila sr. B að oftast hafi afgreiðsla styrkumsókna verið í höndum sr. B. Málshefjandi hafi einvörðungu annast afgreiðslu styrkjanna í fjarveru hennar. Enginn gagnaðila hefur haldið því fram að vinnubrögð málshefjanda við afgreiðslu þeirrar styrkumsóknar, sem kvartað var yfir til Persónuverndar, hafi verið á svig við þau vinnubrögð sem tíðkuðust við afgreiðslu umsókna af þessu tagi.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur það hafa verið tilefnislaust af hálfu gagnaðila sr. B að benda Persónuvernd á að beina málinu til biskups Íslands án þess að leitast fyrst við að leysa málið á heimavettvangi. Á því er þó sú skýring að gagnaðili sr. B taldi erindi Persónuverndar varða framgöngu málshefjanda í starfi sem prests. Af ákvæðum starfsmannastefnu

## Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

---

Þjóðkirkjunnar um upplýsingaskyldu sem að framan eru rakin liggur fyrir að úr því að gagnaðili sr. B afgreiddi erindi Persónuverndar með þeim hætti sem hún gerði, bar henni að skýra málshefjanda tafarlaust frá því. Það gerði hún ekki.

\*\*\*

Málshefjandi telur sig hafa orðið fyrir verulegum óþægindum og allt að mannorðshnekki og rýrnun á starfsheiðri vegna máls þessa. Úrskurðarnefndin getur fallist á að mál þetta hafi valdið málshefjanda óþægindum en telur ekki að það sé til þess fallið að hafa leitt til mannorðshnekkis eða rýrnunar á starfsheiðri.

\*\*\*

Í gögnum málsins kemur fram að samskiptavandi hafi verið fyrir hendi í X-sókn um alllangt skeið. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar telur að meintur samskiptavandi milli málsaðila hvorki réttlæti né útskýri að erindi Persónuverndar var ekki svarað strax, að málshefjandi var ekki tafarlaust upplýstur um erindið og að því var vísað til biskups Íslands án aðkomu hans og vitundar.

### Úrskurðarorð:

Aðfinnsluvert er að enginn gagnaðila skyldi láta málshefjanda tafarlaust vita af erindi Persónuverndar frá 12. ágúst 2013.

Aðfinnsluvert er með hvaða hætti gagnaðilar sóknarnefnd og framkvæmdastjóri X-sóknar brugðust við fyrrgreindu erindi Persónuverndar.

Aðfinnsluvert er að gagnaðili sóknarprestur skyldi vísa erindi Persónuverndar til biskups Íslands án þess að tilkynna málshefjanda tafarlaust þá ákvörðun sína.

Gagnaðilum bar ekki að veita málshefjanda andmælarétt vegna erindis Persónuverndar.

\*\*\*

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málshefjanda var tilkynnt um hann.<sup>1</sup>

Reykjavík, 3. nóvember 2016.

Dögg Pálsdóttir (sign)

Elsa S. Þorkelsdóttir (sign)

sr. Hreinn S. Hákonarson (sign)

---

<sup>1</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.